

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
101 REYKJAVÍK



Persónuvernd


Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is


Reykjavík, 8. nóvember 2018

Tilvísun: 2018101479BS/--

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis hinn 28. september 2018 um umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2016 um dómstóla, lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála (pskj. 70, 70. mál á 149. löggjafarþingi). Frumvarp sama efnis hefur áður verið lagt fram (pskj. 627, 442. mál á 148. löggjafarþingi) og veitti Persónuvernd um það umsögn, dags. 29. maí 2018 (mál nr. 2018/760). Ekki hefur verið farið að þeim athugasemdum sem gerðar voru í þeirri umsögn og eru þær því hér með áréttáðar. Hjálagt er afrit af umsögninni.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Steinunn Birna Magnúsdóttir

Afrit:

Umsögn Persónuverndar, dags. 29. maí 2018 (mál nr. 2018/760)

AFRIT

Alþingi, nefndasvið
b/t Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 29. maí 2018

Tilvísun: 2018040760SBM/--

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um dómstóla, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (Endurupptökudómur), 442. mál.

Persónuvernd vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 23. apríl 2018 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um dómstóla nr. 50/2016, lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 (pskj. 627, 442. mál á 148. löggjafarþingi). Þau ákvæði sem sérstaklega er óskað eftir athugasemdum við eru 7. og 15. gr. frumvarpsins. Telur Persónuvernd að um misritun hafi verið að ræða í umsagnarbeiðni nefndarinnar og réttilega sé átt við beiðni um umsögn um 13. gr. frumvarpsins, sem er sambærileg efni 7. gr., en 15. gr. frumvarpsins fjallar um gildistöku laganna og varðar ekki persónuvernd eða meðferð persónuupplýsinga.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum 4. másl. 2. mgr. d-liðar 1. mgr. 7. gr. og 3. másl. b-liðar 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins mun nafn þess sem biður um endurupptöku ásamt heimilisfangi koma fram í úrskurði Endurupptökudóms og úrskurðurinn birtur opinberlega. Persónuvernd gerir athugasemdir við hvernig þessu er háttað í frumvarpinu og telur eðlilegt að birting úrskurða Endurupptökudóms verði í samræmi við reglur þess dómstóls, sem veitti þá úrlausn sem óskað er endurupptöku á, m.a. hvað varðar nafnleynd. Benda má á að starfshópur á vegum dómstólasýslunnar vinnur nú að samningu reglna um birtingu dóma og dagskrár dómstólanna og hefur verið óskað eftir samtali við Persónuvernd þar að lútandi.


Í ljósi þess sem rakið er hér að framan leggur Persónuvernd til að á eftir 4. másl. 2. mgr. d-liðar 1. mgr. 7. gr. og 3. másl. b-liðar 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins komi nýr máslíður sem orðist svo:

„Um birtingu úrskurða fer eftir reglum þess dómstóls, sem veitti þá úrlausn sem óskað er endurupptöku á.“

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Steinunn Birna Magnúsdóttir